

Þetta er sönn veiðisaga frá seinni hluta síðustu aldar, hún var flutt á árhátíð árið eftir að ferðin var farin.

Dagbók: Föstudagur 10 ágúst.

Nokkru fyrir hádegis lögðum við af stað í veiðiferð vestur að Friðmundarvatni vestra. Til allrar Guðs lukku er Gvendur á 180 á undan okkur, hann visar þá veginn, annars væri karlinn vis til að bruna upp á Hveravelli, eððbara suður í Ámessýslu. Það er ekki nokkur leið að vísa honum til vegar,“ þú gasf nú sagt þetta fyrr,“ segir hann alltaf, þegar ég segi honum að beygja. Nei hann heldur sko sinu striki, hvað sem hver segir. Alli Hjalta hringdi, hafði komist að því að við værum að fara í veiðiferð og bað um að fá að vera með. Við þekktum þau Ástu ekki neitt, en vonandi blessast þetta þessa einu helgi. Alltaf skánar það, Gvendur er Mæjulaus og Gylfi er líka konulaus og með krakka með sér.

Við Ásta erum sem sé einu konurnar og þekkjumst ekki neitt.

Þegar við komum á áfangastað, hittum við þrjá karla blindfulla, þeir voru að koma af veiðum, hundblautir, þeir höfðu hvolft undir sér bátnum, sem þeir voru á, þegar tveir þeirra fengu sér að míga samtímis yfir sama borðstokkinn. Þeir týndu auðvitað netunum og báðu okkur að gå að þeim fyrir sig. Sá elsti, 82 ára, sagðist hafa miðað við vörðuna þarna uppi á hálsinum og skýið, sem við sæjum þarna, en fuglinn, sem hann miðaði líka við, var floginn!

Það kom babb í bátinn, þegar veiðimennirnir fóru að máta björgunarvestin, þau voru greinilega ekki sniðin fyrir velmegunarvöxtinn á þeim félögum. Samt var nú lagt á djúpið, eins og þeir gerðu á Genesaretvatninu í den. Gvendur og Rúnar voru á Áfangafellsbátnum, en Alli og Gylfi eitt og tvö voru á Tungufossi, sem þeir nafnar höfðu haft með sér að heiman. Þeir lögðu netin eftir öllum kúnstarinnar reglum og komu heim með 7 fiska. Þar með er hungurvofunni bægt frá í bili.

Eftir matinn sátum við í bílnum hjá Gvendi fram undir kl.11 og áttum notalegt spjall yfir kaffibolla.

Laugardagur: Um áttaleitið var aftur haldið á miðin til móts við þann freknotta.

Rúnar, sem kallaður er Kaffeinninn, vegna þess að hann óð upp fyrir vöðlurnar og fór á kaf, og Gvendur, höfðu með sér stóran kaffibrúsa og supu drjúgum á og urðu smám saman kátir mjög og sungu við raust „Yfir heiði há-ah.“ Þeir á Tungufossi skildu hvorki upp né niður, fyrr en þeir fengu að að bragða á kaffinu. Ekki veit ég hvaða tegund af kaffibæti þeir notuðu.

Það voru hressir veiðimenn, sem komu að landi með milli 70 og 80 fiska. Þeir voru með allskonar karlrembustæla og heyrðist meira að segja í einum að hann væri búinn að vera svo lengi úti, að sér hefði ekki veitt af að fara heim og fá sér drátt, ef kerlingin hefði verið með!

Aflinn var lagður á ís í þar til gerðum kössum, sem Alli hafði meðferðis. Um kvöldið grillaði Gvendur sauðarlæri og bauð okkur í mat, en ég lagði til sósuna, sem var vel bragðbætt með mýflugum, sem eru okkur lífandi að drepa. Annars er veðrið milt og gott og falleg sýn til fjalla, austast er Hofsjökull, þá Kerlingarfjöll, Langjökull með Búrfjöll að austan og Krák á Stórasandi við norðurendann, vestast er Eiríksjökull. Jú, jú allt á sínum stað, vantar engan nema Jökul Sigtryggsson. Úti á vatninu hlær Himbriminn, það er eina hljóðið, sem rýfur næturkyrrðina.

Sunnudagur: Þeir félagar héldu til sjávar um tíuleitið, til að draga upp netin. Veiðin var frekar dræm, enda kaffið löngu búið úr brúsanum. Við Ásta notuðum tímann til að tína fjallagrös og skreytingamosa, sem nóg er af þarna. Þótt enn sé ágústmánuður eru haustlitirnir farnir að láta á sér kræla, landið er ýmist skærgrænt, vinrault, appelsínugult, hvítt eða sitrónugult við gráa melana, þetta er ótrúleg litadýrð. Þegar við vorum búin að gera upp netin og ætluðum að leggja af stað, vissum við ekki fyrr en allt fylltist af hestamönnum, þeir hafa sjálfsagt verið með hátt á annað hundrað hesta. Við komumst ekki upp á veginn fyrr en um hálf þrjú. Gylfi sá kunnulega konu í hópnum, sem hann sagði að væri gömul stelpa úr Langadalnum, sem hann hefði bælt tæmar á á einhverjum löngu liðnum sveitaböllum. Ég sagði honum ekki að sennilega hefði hann séð þessa konu í sjónvarpnu. Þetta var nefnilega Kristín Halldórsdóttir þingkona kvennalistans! Svona svikur minnið jafnvel bestu menn.

Alli tók að sér að koma aflanum í reyk og kvöddumst við þarna með virktum eftir ógleymanlega helgi.

Við áðum á Auðkúluheiði  
í ágúst er nótt gerðist dimm.  
Þar norpuðu natmir í veiði  
með netstubba karlarnir fimm.

Hafðis Hafliðadóttir 208.

Nú eru tveir þessara veiðifélaga horfinir af þessu tilverustigi, en skilja eftir sig góðar minningar, við áttum eftir að fara í margar veiðiferðir á eftir þessari.